3. júlí heldur 3SH þríþrautardaginn 2016 í Hafnarfirði. Keppnin hefur verið haldin undanfarin ár alfarið á Vallasvæðinu í Hafnarfirði og úti á Krýsuvíkurvegi. Núna, eftir viðræður við starfsmenn Hafnarfjarðar og með loforðum um ákveðna aðstoð frá Hafnarfjarðarbæ hefur verið ákveðið að dreifa úr keppninni og láta hlaupið eiga sér stað á strandlengjunni við miðbæinn og mun seinna skiptisvæði og verðlaunaafhending vera staðsett á móts við íþróttahúsið á strandgötu. Eins og áður sagði hafa farið fram viðræður við starfsmenn ýmissa sviða bæjarins og hafa þeir allir tekið verkefninu fagnandi. Til þess að keppnin verði sem veglegust og öruggust leggur 3SH hér með fram óskir um um aðstöðu og lokanir á vegum og jafnframt tímatöflu.

Myndir sem eru í þessu skjali eru jafnframt með sem viðhengi sem ætti að gera auðveldara að skoða þær stærri.

Yfirlitsmynd úr Google, sjá mynd. Blátt er hjólaleið og rautt er hlaupaleið.

HIM 2016 – keppnisleiðin öll

Keppnin verður ræst kl 08:00 í Ásvallalaug með sundi, fyrstu keppendur eru að klára sundið um kl 08:20 og þá þyrftum við að fá að loka eða stjórna umferð á veginum frá sundlauginni og út á krísuvíkurveg, sjá mynd. Þar sem nokkrar vegalengdir eru í boði þá verður aftur ræst um kl 09:00 og svo aftur um kl 09:30. Það munu því koma nokkur holl en umferð nær að fljóta vel á milli.

HIM 2016 - Hjólaleið frá sundlaug og út á krýsuvíkurveg

Hjólað um: Ásbraut, Selhellu, Hraunhellu, Tjarnatorg, Kirkjutorg, Vallatorg, Seltorg.

Hjólahluti keppninnar er svo á krýsuvíkurvegi þar sem hjólaðir eru allt að 6 hringir, mismunandi eftir því hvaða vegalengd fólk er að taka þátt í. Á krýsuvíkurvegi þurfum við að fá að hafa snúningspúnkt ca 7km frá hringtorginu næst Völlunum og eins þurfum við að fá að stjórna umferð á umræddu hringtorgi til ca 13:00

HIM 2016 hjólaleið

Hjólað á: Krýsuvíkurvegi, Seltorg

Að hjólahluta loknum þurfa keppendur að hjóla frá Krýsuvíkurvegi og niður að Hafnarfjarðarkirkju þar sem skiptisvæði er og hlaup hefst. Á þessari leið geta keppendur náð miklum hraða og er þetta líklega sá hluti sem er varasamastur hvað varðar blöndu á umferð og keppni. 3SH kýs að skipta þessari leið í tvo hluta. Hvað áhættu varðar.
Fyrri hlluti er frá krýsuvíkurvegi og að hringtorgi við keflavíkurveg. Á þessum kafla þurfum við að fá að stjórna umferð við hringtorgin þannig að ekki skapist hætta þegar keppandi kemur hjólandi í gegn, að öðru leyti ætti umferð að geta flotið með keppendum (með tillitssemi allra) út af Völlunum.
Seinni hlutinni, er mun hraðari og er frá hringtorgi inn á Vellina við Keflavíkurveginn og niður að Hafnarfjarðarkirkju. Á þessum hluta ná keppendur mjög miklum hraða og æskilegt væri að fá að loka þessum kafla fyrir umferð ökutækja frá ca 10:15 til 13:15. Ef lokun fæst ekki þá þarf félagið aðstoð með stjórnun á umferð á áðurnefndum kafla. Fyrst má sjá mynd af umræddum hjólakafla í heild og síðan hjólaleið með óskum um lokanir, rautt er það sem þyrfti að loka að einhverju eða öllu leiti.

Him 2016 - Hjólaleið frá Krýsuvíkurvegi og að T2

Hjólað á: Hraunhellu, Selhellu, Ásbraut, Strandgötu, Seltorg, Vallatorg, Kirkjutorg, Tjarnartorg, Haukatorg, Ástorg, Flensborgartorg.

Seinni hluti hjólaleiðar, varhugaverður og krefst mestrar athygli.

HIM 2016 Lokanir á hjólaleggnum

Sérstaklega varhugaverðar götur sem hjólað er um: Strandgata(frá Ástorgi og að Fjarðartorgi), Ástorg(innaksturinn frá Ásbraut, innaksturinn frá Reykjanesbraut), Gatnamót Strandgata og Hvammabraut, Ljós Strandgata og Suðurbraut/Hringbraut, Flensborgartorg, Innakstur strandgata/mýrargata, Innakstur/útakstur Strandgata/Víkingastræti.

Skiptisvæði af hjóli yfir á hlaup verður svo á bílastæði við Hafnarfjarðarkirkju. Þar óskum við eftir að fá að leggja undir okkur hluta af bílastæðinu, megnið af „efri“ boganum og í framhaldinu stjórna umferð við hringtorgið þannig að keppendur komist óhindraðir út á hlaupalegg.

HIM2016-Skiptisvæði og mark

Hlaupið yfir gangbraut við Fjarðartorg.

Síðasti hluti keppninnar og markið verður svo á stíg við sjóinn, sjá mynd. Við óskum eftir að fá að taka þennan stíg undir keppnina frá ca 10:20 til 16:00 um daginn. Þarna verður hlaupið fram og til baka og mun markið einnig vera á stígnum. 3SH óskar því eftir að fá að takmarka gangandi og hjólandi umferð að miklu leyti á umræddum tíma.

Him 2016 - Hlaupaleið+mark+skiptisvæði

Samantekt

Tímamörk keppni

uppsettning á keppnissvæði við Ásvallalaug	05:00
Starfsmenn komnir niður á plan hjá hafnarfjarðarkirkju og byrjaðir að setja upp skiptisvæði, loka bílastæði	08:00
Fyrsta sundholl er ræst	08:00
Starfsmenn komnir á HIM 2016 - Hjólaleið frá sundlaug og út á krýsuvíkurveg og farnir að stjórna umferð	08:15
Næsta sundholl ræst	09:00
síðasta Sundholl ræst	09:30
Starfsmenn farnir að huga að lokunum á hlaupaleið, skilti og borðar settir við innganga á stíginn.	09:30
Fyrstu keppendur fara inn á Him 2016 - Hjólaleið frá Krýsuvíkurvegi og að T2	10:15
Huga sérstaklega að HIM 2016 Lokanir á hjólaleggnum	10:15
Starfsmenn komnir að gangbraut við Fjarðartorg og farnir að stjórna umferð	10:15
Opna aftur HIM 2016 hjólaleið þar sem síðustu keppendur ættu að vera búnir	13:00
Hætta að stjórna umferð á Him 2016 - Hjólaleið frá Krýsuvíkurvegi og að T2 (mögulega fyrr)	13:15
Hætt að stjórna umferð við gangbraut við Fjarðartorg	15:00
Strandlengja opnuð fyrir umferð gangandi	16:00
Tiltekt og frágangur eftir keppni	16:00
Tiltekt og frágangi eftir keppni lokið	18:00

Götur, hringtorg og gangbrautir sem þarf að stjórna umferð á eða loka:

Ásbraut
Selhella
Hraunhella
Krísuvíkurvegur
Strandgata
Tjarnartorg
Kirkjutorg
Vallatorg
Seltorg
Haukatorg
Ástorg
Flensborgartorg
Fjarðartorg, gangbraut
Gatnamót Strandgata/Hvammabraut
Gatnamót Strandgata/Suðurbraut/Hringbraut ….Ljós
Gatnamót Strandgata/Mýrargata
Strandgata/Víkingastræti, tvær innkeyrslur